

## 10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 333/1995 um Lífeðlisfræðisstofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

*Háskóla Íslands, 27. nóvember 2003.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2003  
um gildistöku reglna um tilkynningu og skráningu kóða  
neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.**

Með vísan til IV. og IX. kafla, sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 1. mars 2004 taki gildi reglur um tilkynningu og skráningu kóða neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 31. desember 2003.*

**Þorgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

## 2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 7.900, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.